

## Stjórn Sorpu bs.

Ár 2015, föstudaginn 6. febrúar, var haldinn 346 fundur stjórnar Sorpu bs. á skrifstofu byggðasamlagsins og hófst hann kl.07:30. Mættir eru: Bjarni Torfi Álfþórsson, Hafsteinn Pálsson, Halldór Auðar Svansson, Jóna Sæmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir og Guðmundur Geirdal. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur, Bjarni G. P. Hjarðar og Sigríður Björg Einarsdóttir skrifstofustjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð. Gestir fundarins voru Hörður Felix Harðarson hrl. og Kristbjörg Stephensen borgarlögmaður undir lið 3.

### Tekið fyrir:

1. Niðurstaða úrskurðarnefndar upplýsingamála vegna spilliefnaútboðs og ósk Efnamóttökunnar um að reka mál fyrir dómstólum vegna þessa  
Lögð fram niðurstaða úrskurðarnefndar um upplýsingamál vegna kröfu Íslenska gámafélagsins ehf. um aðgang að öllum tilboðsupplýsingum Efnamóttökunnar þ.m.t. einingarverð. Jafnframt lögð fram ósk Efnamóttökunnar um að reka mál fyrir dómstólum fyrir hönd SORPU bs. og bera af því þann kostnað sem af hlýst. Stjórn samþykkir erindið.
2. Niðurstaða kærunefndar útboðsmála í máli Íslenska gámafélagsins/Metanorku vegna gas- og jarðgerðarstöðvar – úrskurður vegna gagna.  
Lögð fram niðurstaða kærunefndar útboðsmála vegna kröfu Íslenska gámafélagsins og Metanorku um aðgang að gögnum sem SORPA hefur lagt fram til kærunefndar en krafist trúnaðar um. Veittur er aðgangur að ákveðnum hluta gagnanna og hefur kærunefndin sjálf sent gögnin til ÍG og Metanorku.
3. Niðurstaða Héraðsdóms í máli SORPU bs. gegn Samkeppniseftirlitinu.  
Lögð fram og kynnt niðurstaða Héraðsdóms í máli SORPU gegn Samkeppniseftirlitinu vegna afsláttarfyrirkomulags. Gestir fundarins, Hörður Felix Harðarson hrl. og Kristbjörg Stephensen borgarlögmaður fóru yfir forsögu málsins og niðurstöðu dómsins.  
Stjórn samþykkir að áfrýja málinu. Framkvæmdastjóra og formanni stjórnar falið að kynna málið fyrir stjórn SSH.
4. Undirbúningur útboðs vegna jarðvinnu fyrir fyrirhugaða gas- og jarðgerðarstöð í Álfnesi.  
Framkvæmdastjóri kynnir minnisblað, dagsett 5. febrúar þar sem farið er yfir möguleika á undirbúningi byggingarreits fyrir gas- og jarðgerðarstöð í Álfnesi. Stjórn felur framkvæmdastjóra að halda áfram með málið og undirbúa útboð.
5. Innri endurskoðun  
Stjórnarformaður greindi frá fundi með formanni endurskoðunarnefndar.
6. Bréf Samtaka iðnaðarins vegna gjaldskrárbreytinga um áramót  
Lagt fram bréf Samtaka iðnaðarins, dagsett 30. Janúar 2015. Framkvæmdastjóra falið að svara bréfinu.
7. Erindi SSH um greiðsluþáttöku vegna kynnisferðar – erindi frá stjórnarfundum nr. 332.  
Farið yfir forsögu málsins. Stjórn samþykkir kostnaðarþáttöku að 2/3.  
Fulltrúi Mosfellsbæjar situr hjá.
8. Næsti fundur.  
Næsti fundur stjórnar ákveðinn 6. mars kl. 7.30.

Fleira ekki tekið fyrir.

### Fundi slitið klukkan 8.45

Bjarni Torfi Álfþórsson  
Jóna Sæmundsdóttir  
Guðmundur Geirdal  
Björn H. Halldórsson

Halldór Auðar Svansson  
Rósa Guðbjartsdóttir  
Hafsteinn Pálsson  
Bjarni Hjarðar